



VATN

hringrás vatns

Verkefni fyrir 2-6 ára

Verkefni sem kynnir fyrir börnum birtingarmyndir vatns og hringrás þess. Börnin læra hugtök ásamt því að gera athuganir.



Markmið

- Kynna fyrir börnum á leikskólaaldri birtingarmyndir vatns og hringrás þess.
- Afhverju vatnið breytir um form og í framhaldi af því afhverju það breytir um form í náttúrunni eftir árstíðum (áhrif hitastigs).



Efni og áhöld

Klaki, snjór, 2x glerskál. Myndir og/eða bækur um vatn/hringrásina sem innlegg í umræður og útskýringar ef vill.

Kafla um vatn í Halló heimur



Framkvæmd

Leggja inn orð og hugtök tengd vatni svo sem; bráðnun/bráðna – vatn – klaki – snjór – krap – gufa – uppgufun – vatnsyfirborð – hitastig – frostmark – frost – fast form – fljótandi form – o.s.frv.

1. skref – Snjór og klaki sóttir út og sett inn í sitthvora skálina. Forhugmyndir barnanna ræddar um það hvað gerist þegar snjór og klaki er settir inn og afhverju. Hér er kjörið tækifæri til að fá fram líflegar umræður um hvaðeina er tengist vatni og leggja inn orð og efla skilning á hringrás vatns.

2. skref (daginn eftir): Bráðnunin skoðuð (snjórinn ætti að vera orðin að vatni en klakinn ekki að fullu). Tilvalið að gera strik á snjóskálina til að merkja hvert vatnsyfirborðið nær og jafnvel að hafa skálarnar þar sem börnin geta fylgst með þeim næstu daga fram. Aftur er hér kjörið tækifæri til umræðna og útskýringa.

3. skref (u.þ.b. 3 dögum eftir 2.skref): Tilraunin skoðuð og rædd (nú ætti að vera vatn í klakaskálinni en ekkert í snjóskálinni). Uppgufun vatnsins út í andrúmloftið útskýrð fyrir börnunum ásamt hringrás vatns í náttúrunni.